

KYNNING

Þuríður Harpa Sigurðardóttir



Ég heiti Þuríður Harpa Sigurðardóttir og ég gef kost á mér í embætti formanns Sjálfsbjargar lsh á landsfundi 25. apríl næstkomandi.

Ég hef nú gegnt embætti formanns Sjálfsbjargar lsh. í tvö ár, sá tími hefur verið krefjandi hvað varðar félagsmál, rekstrarmál og framtíðarmál félagsins, um leið hefur verið skemmtilegt að kynnst starfseminni aftur og fólkinu sem starfar innan félagsins. Á kjörtímabilinu hefur okkur tekist að snúa rekstrinum til betri vegar. Við höfum samþykkt nýja stefnu og ný lög sem við vinnum eftir í dag. Markmiðið er að endurvekja kraftinn sem einkenndi félagið í áratugi, og við erum byrjuð! Ég hef starfað í Sjálfsbjörg frá árinu 2011, þá formaður í Skagafirði. Ég sat í stjórn og Sjálfsbjargar frá 2014 og í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins. Þá var ég varaformaður frá 2016 þar til ég var kosin í embætti formanns ÖBÍ haustið 2017. En þar var ég formaður til 2023.

Málefni hreyfihamlaðra standa mér nærri, enda hef ég notað hjólastól frá 2007, og hef nokkuð góða þekkingu á málefnum Sjálfsbjargar. Mér þykir vænt um félagið og vil veg þess sem bestann, ég vil að Sjálfsbjörg verði leiðandi félag í aðgengismálum og láti að sér kveða um allt land. Við erum öll í sama liðinu og hver liðsmaður er dýrmætur fyrir heildina. Við eigum að taka höndum saman og sameinast um að vinna að góðum málefnum sem skipta hreyfihamlað fólki mestu máli hverju sinni. Eftirfarandi slagorð gildir enn í dag „Gott aðgengi skiptir alla máli en okkur öllu máli!“

Í leik og starfi hef ég kynnst og átt farsælt samstarf við fjölmargt gott fólk, ekki síst samstarfsfólk í félagsmálum og á vinnustöðum, þeirrar gæfu hef ég notið í starfi mínu fyrir Sjálfsbjörg undanfarin tvö ár. Ég óska eftir þínum stuðningi til endurkjörs og vona að ég njóti trausts til að leiða félagið áfram um sinn.

Ég á þrjú börn og fimm barnabörn og er í sambúð. Ég er elst af sex systkinum, uppalin í sveit og lærði snemma að taka þátt og leggja fram vinnu. Uppvöxtur minn í sveit kenndi mér margt en þó best samvinnu.

Ég með BA gráðu í grafískur hönnuður og starfaði á því sviði við stjórn verkefna í 30 ár. Árið 2015 lauk ég diplómu á meistarastigi í fötlunarfræðum frá HÍ, auk þess lauk ég námskeiði um stjórnun og starfsumhverfi sveitarfélaga 2016. Þá hef ég lokið allnokkrum námskeiðum tengdum stjórnun, mannauðsstjórnun og leiðtogahæfni.

Í embætti formanns ÖBÍ öðlaðist ég mikla þekkingu og innsýn í málaflokkinn, bæði innanlands og utan. Í starfi mínu þar var ég í talsverðum samskiptum við stjórnvöld, þingmenn og ráðherra.